VSÓ RÁÐGJÖF



# ÁSTAND STOPPISTÖÐVA Á LANDSVÍSU

## Strætisvagnar á landsbyggðinni

**Október 2022**

**21184**
https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1180/Documents/Greinargerð/21184_sk221003_Ástand_stoppistöðva_á_landsvísu.docx

| Nr. útg. | Dagsetning | Unnið | Yfirfarið | Samþykkt |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 18.06.2021 | RÞÞ | HMÁ | SÓ |
| 2 | 01.09.2021 | RÞÞ | | |
| 3 | 06.09.2021 | RÞÞ | SÓ | SÓ |
| 4 | 03.10.2022 | RÞÞ | HBH | RÞÞ |
| 5 | 05.10.2022 | RÞÞ | SÓ | SÓ |

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

**Unnið fyrir:**

ÖBÍ réttindasamtök
Sigtúni 42, 105 Reykjavík

# Efnisyfirlit

**1 Inngangur 4**

**2 Fyrirliggjandi gögn 5**

**3 Stoppistöðvar á landsvísu 6**

**4 Aðferðafræði 7**

4.1 Einkunnaskali skilgreindur 7

4.2 Afurðir 9

**5 Ástandsmat stoppistöðva 10**

5.1 Leið 51: Reykjavík-Höfn í Hornafirði 10

*5.1.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 51 12*

5.2 Leið 52: Reykjavík-Landeyjahöfn 15

*5.2.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 52 16*

5.3 Leið 55: Reykjavík-Keflavíkurflugvöllur 17

*5.3.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 55 19*

5.4 Leið 56: Akureyri - Egilsstaðir 22

*5.4.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 56 23*

5.5 Leið 57: Akureyri-Reykjavík 25

*5.5.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 57 27*

5.6 Leið 58: Borgarnes – Stykkishólmur 30

*5.6.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 58 30*

5.7 Leið 59: Borgarnes – Hólmavík 32

*5.7.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 59 33*

5.8 Leið 63: Varmalandsskóli - Borgarnes 34

*5.8.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 63 34*

5.9 Leið 64: Kleppjárnsreykir - Borgarnes 35

*5.9.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 64 35*

5.10 Leið 71: Þorlákshöfn - Hveragerði 36

*5.10.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 71 37*

5.11 Leið 72 og leið 73 : Hringur frá Selfossi um Grímsnes 38

*5.11.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 72 – 73 40*

5.12 Leið 78: Akureyri – Siglufjörður 41

*5.12.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 78 42*

5.13 Leið 79: Akureyri - Húsavík 43

*5.13.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 79 44*

5.14 Leið 81: Borgarnes – Reykholt 45

*5.14.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 81 45*

5.15 Leið 82: Hellisandur – Stykkishólmur 47

*5.15.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 82 48*
5.16 Leið 84: Skagaströnd – Blönduós 49
*5.16.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 84 49*
5.17 Leið 88: Grindavík – Reykjanesbær 50
*5.17.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 88 51*
5.18 Leið 89: Reykjanesbær - Sandgerði 52
*5.18.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 89 53*
**6 Samantekt á niðurstöðum ástandsmats 54**
**7 Niðurstöður 55**
**8 Heimildir 56**

# 1 Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um ástand stoppistöðva Strætó bs. á landsvísu.

Það er markmið stjórnvalda að árið 2024 muni 90% stoppistöðva almenningssamgangna standast hönnunar- og öryggiskröfur en ekki er vitað hver staðan er í dag. Markmiðin fela m.a. í sér greiðar og öruggar almenningssamgöngur fyrir alla. Stjórnvöld ætla að leita leiða til að tryggja jafnt aðgengi fatlaðra, hreyfihamlaðra og ófatlaðra einstaklinga að almenningssamgöngum milli byggða. Með því verður uppfylltur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem var fullgiltur 2016, sem tryggir að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi og tekið fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.á.m. geta farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs, á þeim tíma sem það velur og vera tryggður hindrunarlaus aðgangur að hinu efnislega umhverfi. Gott almenningssamgöngukerfi stuðlar að auknu öryggi í samgöngum fyrir alla, því með hverjum einstaklingi sem kýs almenningssamgöngur fram yfir að aka sjálfur dregur úr líkum á umferðartengdum slysum (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2019; Dómsmálaráðuneytið).

ÖBÍ réttindasamtök sömdu við VSÓ Ráðgjöf um að gera úttektir á aðkomu á stoppistöðvum á landsbyggðinni. Hingað til hefur reynst erfitt fyrir fatlað fólk og hreyfihamlað að vita hvort möguleiki sé fyrir það að ferðast um landsbyggðina með vögnum Strætó bs. Jafnvel í þeim tilvikum þar sem aðgengi biðstöðvar á brottfararstað er í lagi og þó svo að tryggt sé að vagn á leið sé aðgengilegur, þá tekur óvissan við um aðstæður á komustað sem fælir fólk frá því að nota almenningssamgöngur.

Markmiðið með úttekt ástandi stoppistöðva á landsvísu er að afla gagna og móta aðferð til að meta og greina núverandi stöðu sem og að auka vitund stjórnvalda, forráðamanna sveitarfélagana og Vegagerðarinnar um ástand innviða. Með auknu upplýsingarflæði er hægt að fara í nauðsynlegar úrbætur á stoppistöðvum almenningssamgangna, úrbætur sem kannski hefðu ekki komist á „radar“ sveitarfélaga/Vegagerðarinnar, sem bera ábyrgð á aðkomu strætisvagna. Niðurstöður nýtast því í áframhaldandi vinnu t.d. í aðgerðaráætlun og kostnaðaráætlun, og til að skapa upplýstari umræðu um ástandið.

Í Reykjavík eru 556 stoppistöðvar fyrir strætisvagna og í þeim eru 375 biðskýli. Sumarið 2020 gerði Reykjavíkurborg úttekt á stoppistöðvum innan borgarinnar og var niðurstaðan sú að einungis 4 stöðvar eru með gott aðgengi og 11 með gott eða mjög gott yfirborð. Þörf er því á að bæta töluvert úr. Athugað verður hvort ástand stoppistöðvar á landsvísu gefi svipaða niðurstöðu, eða hvort að stoppistöðvar þar uppfylli hönnunar- og öryggiskröfur (Bjarni & Atli, 2020; Þorsteinn, 2020).

Er þetta í annað sinn sem skýrsla þessi er gefin út. Í fyrstu útgáfunni voru skoðaðar leiðirnar sem aka einvörðu eftir hringveginum, var sú skýrsla gefin út haustið 2021. Hér í annarri útgáfu verður bætt við niðurstöðum úttekta á öðrum leiðum á landsbyggðinni sem gerðar voru sumarið 2022.

Fyrri úttektin var fjármögnuð undir aðgerð A.6. í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 og seinni úttektin undir aðgerð A.10 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024. Félagsmálaráðuneyti, Byggðastofnun og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti eru færðar sérstakar þakkir fyrir stuðninginn.

# 2 Fyrirliggjandi gögn

ÖBÍ réttindasamtök eru regnhlífarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi sem inniheldur 41 aðildarfélög sem hvert fyrir sig eru hagsmunasamtök fyrir ólíka fötlunarhópa á landsvísu. Heildar félagafjöldi aðildafélaga ÖBÍ réttindasamtaka er um 47 þúsund manns (ÖBÍ réttindasamtök, án dags.). Heildarfjöldi Íslendinga í byrjun árs 2020 var rúmlega 364 þúsund og því eru allt að 13% íbúa Íslands félagar innan aðildafélaga ÖBÍ. Mögulegt er þó að vera í fleiri en einu aðildarfélagi í senn (Hagstofan, 2021).

Árið 2005 skrifaði Þórunn Edda Bjarnadóttir lokaverkefni sitt við umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands, þar var tekin úttekt á aðgengi fatlaðra að níu náttúruverndarsvæðum. Helstu niðurstöður sýndu að „aðgengi reyndist vera misjafnt að svæðum og víða óviðunnandi“. Sjö árum síðar, árið 2013, var úttektin endurtekin fyrir átta af níu svæðum, auk tveggja nýrra náttúruverndarsvæða. Úttektin 2013 var lokaverkefni Ragnars Björgvinssonar við sama háskóla. Ragnar sýndi fram á að ýmsar úrbætur hafa verið gerðar, en þær hafi ekki verið gerðar nægilega vel (Auður, 2005; Ragnar, 2013).

Samstarfsverkefni Ferðamálastofu, ÖBÍ og fleiri tók saman *flokkunarviðmið fyrir aðgengi að áningar- og útivistarsvæðum á Íslandi* sumarið 2007, þar sem tekið var saman hvaða kröfur eru gerðar til að aðgengi sé fyrir hjólastólanotendur, með og án aðstoðar, og fyrir gönguhamlaða. Tilgangur þess verkefnis var að bæta aðgengi alls ferðafólks að áningar- og útivistarstöðum. Þá hefur Vegagerðin og Reykjavíkurborg tekið saman leiðbeiningar um *Algilda hönnun utandyra* þar sem áhersla var lögð á mögulega aðkomu allra að opinberum eignum (Ferðamálastofa, 2007; Vegagerðin & Reykjavíkurborg, 2019).

Haustið 2016 kom út greinargerð um *Aðgengi fólks með fötlun að almenningssamgöngum á landi; staða mála og mögulegar úrbætur* sem var ætlað að varpa ljósi á löggjöf sem varðar möguleika fólks með fötlun til að notfæra sér almenningssamgöngur á landi ásamt núverandi ástandi aðgengismála, skoðað með áherslu á almenningssamgöngur í dreifbýli (Birna & Harpa, 2016)

Í *ferðumst saman – Stöðumat og valkostir* sem var gefið út af Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í október 2019 var eitt af markmiðunum sem voru sett fram að *Biðskýli eða annarri yfir byggðri farþegaaðstöðu samkvæmt samræmdum leiðbeiningum verði komið upp á öllum skilgreindum stoppistöðvum í heildstæðu almenningssamgöngukerfi* fyrir lok árs 2022. Þá var í maí 2021 undirritaður samningur þess efnis að 700 miljónum kr. verði varið í úrbætur á aðgengismálum fatlaðra til loka árs 2022, í viðbót við 1,5 milljarða króna sem var veitt til innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2019; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið & Félagsmálaráðuneytið, 2021; Ferðamálastofa, 2021).

# 3 Stoppistöðvar á landsvísu

Í fyrstu útgáfu skýrslunnar voru skoðaðar allar stoppistöðvar á þeim leiðum þar sem Vegagerðin gerði kröfu um aðgengi fólks í hjólastólum í útboði landssamgangna sumarið 2020, þær stoppistöðvar eru á eftirfarandi leiðum (Vegagerðin, 2021).

- Leið 51 sem ekur frá Mjóddinni til Hafnar í Hornafirði.
- Leið 55 sem ekur frá Umferðamiðstöð BSÍ til Keflavíkurflugvallar.
- Leið 56 sem ekur frá Hofi á Akureyri til tjaldsvæðisins á Egilstöðum.
- Leið 57 sem ekur frá Mjóddinni, gegnum Akranes og Borgarnes, til Hofs á Akureyri.

Í heildina voru þetta 112 stoppistöðvar og sjá má leiðir þeirra á mynd 3.1.

Milli fyrstu og annarrar útgáfu skýrslunnar voru gerðar smávægilegar breytingar á leiðarkerfum almenningssamgangna, og er því mynd 3.1 uppfærð m.v. leiðarkerfi 2022.

Liggur munurinn á  að pöntunarþjónusta vagna að Arnarstapa er felld út. Á vetraráætlun er tveimur leiðum bætt við, leið 63 og 64 í Borgarnesi. Stoppið Selfoss – Olís var fellt út, og þess í stað koma Hrísmýri og Fossnes. Þeim stoppum sem bætast við er einnig bætt inn í þessa seinni úttekt. Í heildina er verið að bæta inn 58 nýjum stoppistöðvum í annarri útgáfu skýrslunnar. Hefur því farið fram úttekt á 169 stoppistöðvum, þar sem 168 eru enn í notkun.




Mynd 3.1 Leiðarkerfi Strætó bs. á landsbyggðinni 2022 (Strætó bs., án dags.).

Litið var til heildarferðar virkra vegfarandans að strætisvagnsskýlinu, því þótt stoppistöðin sjálf hafi gott aðgengi þá hjálpar það ekki ef manneskja sem ætlar sér að nota aðstöðuna kemst ekki að henni.

Benda má þeim farþegum að á leiðum 51 og 57 að hægt er að hafa samband við þjónustuver Strætó, með minnst 24 tíma fyrirvara og panta bíl með hjólastólaaðgengi á fyrir fram ákveðnum tíma næsta dags.

# 4 Aðferðafræði

Úttektir á stoppistöðvum á landsvísu voru gerðar sumrin 2021 og 2022 af VSÓ Ráðgjöf.

Voru þær gerðar með vettvangsferðum þar sem ekið var leið vagnanna og stoppað við hverja stöð, hún tekin út og var rætt við starfsfólk á völdum stöðum til að athuga þekkingu þeirra á komu vagna sem og staðsetningu stoppistöðvar.

Reykjavíkurborg hefur útbúið ítarlegan lista yfir hvað telst vera góð strætóstoppistöð og tekur þessi vinna mið af reynslu Reykjavíkurborgar sem og reynslu VSÓ af umferðaröryggisrýni, hönnun strætó stoppistöðva, skipulagi almenningssamgangna og landfræðilegum upplýsingakerfum.

## 4.1 Einkunnaskali skilgreindur

Reykjavíkurborg hefur útbúið góðan gátlista fyrir einkunnargjöf sem nýtist vel innan bæjarmarka og verður sá einkunnarskali notaður þar sem á við innanbæjar, t.d. á Akureyri, Akranesi og víðar. Einkunnarskali þessi á þó ekki jafn vel við í dreifbýli svo þar var notast við þarfargreiningu þeirra sjö fötlunarhópa sem vefsíðan *Gott aðgengi* tók saman.

Þó var ekki tekinn fyrir hópurinn *Astma og ofnæmi* þar sem ofnæmisvaldar eru ýmiskonar og hægt gengi að greina alla ofnæmisvalda á og við stoppistöðvar, þar að auki er hægt að halda ofnæmisviðbrögðum í lágmarki með ofnæmislyfjum. Ekki voru stoppistöðvar heldur greindar m.t.t. hópsins *Lestrarörðugleikar,* þar sem möguleiki er að hafa samband við þjónustuver Strætó bs. og fá upplýsingar í gegnum síma ásamt því að lágmarks lestrs er þörf á biðstöðvunum. Jafnframt voru biðstöðvarnar ekki greindar m.t.t. hópsins *Heyrnarskertir* þar sem umbætur sem gagnast öðrum fötlunarhópum gagnast heyrnarskertum. Einblínt er því að fólki með sjóndepurð, hreyfihömlun og þroskahömlun (God Adgang, án dags.).

Því var, í þessu verkefni, gerð úttekt á stoppistöðvum Strætó bs. á öllum leiðum á landsbyggðinni, með tilliti til:

| | |
|---|---|
| Úttektar aðferðum Reykjavíkurborgar:<br>Aðgengi<br>Yfirborð | Mjög gott, Gott, Ásættanlegt, Slæmt, Mjög Slæmt |
| Hjólastólanotenda | |
| Göngu-, arma- og handskerta | |
| Blinda og sjónskerta | |
| Þroskahamlaðra og þroskaskerta | |
| Aðstæður fyrir hjólandi | |

Úttektar aðferðum Reykjavíkurborgar var fylgt eftir og aðferðum þeirra úttektar líkt eftir, *Aðgengi* og*Yfirborð* fá einkunn fyrir aðstöðu, á skala með fimm mögulegum einkunnum, frá *Mjög gott* til *Mjög slæmt*, líkt og sjá má hér að ofan.

Einkunnin úr flokkunum *Aðgengi* og *Yfirborð* verður lægsta einkunn af eftirfarandi þáttum.

Fyrir *Aðgengi* verða þættirnir eftirfarandi:

- Hvort leiðarlínur og áherslufletir séu við niðurtektir.
- Hvort merkt gönguþverun sé við þverun, þar sem á við.
- Hvort bið- og athafnarsvæði hjólastóla sé meira en 1,5 metra breidd
- Breidd stöðvarpalls.

- Hvort undirstaða biðskýlis sé í sömu hæð og svæðið í kring.
- Hvort bil til að komast fram hjá hindrunum sé ávallt meira en 1,5 metra breitt.
- Bekkur sé með bakstuðningi og armhvílu.
- Hæð að tímatöflustaur sé 1,3-1,4 metrar.
- Tímatöflustaur er vel staðsettur m.t.t. aðgengis.

Fyrir *Yfirborð* verða þættirnir:

- Hvort yfirborðsefni séu í sömu hæð.
- Hverskonar yfirborðsefni er á biðsvæði.
- Hvort biðsvæði sé nánast hallalaust.
- Hvort upphleypt áherslusvæði sé að finna við innstig að strætisvagni.

Til að uppfylla skilyrði fyrir hvern flokk fatlaðra þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hjólastólanotendur
    - Undirlag þarf að vera jafnt og þétt og án hæðarmunar:
        - T.d. með steypt, hellulagt eða malbikað undirlag, jafnvel þótt það sé lítillega brotið.
        - Ekki verður gerð krafa um upp hækkaðan biðpall, þ.e. biðaðstaða getur verið í sömu hæð og malbik vegar eða bílaplans vegsjoppu.
    - Halli sé lítill ef brúa þarf hæðarmun.
    - Ef hurðir eru til staðar að einfalt sé að komast að þeim, létt að opna þær og þær nægilega breiðar þ.a. þær torveldi ekki aðkomu.
    - Tímatöflustaur sé staðsettur m.t.t. aðgengis hjólastóla, þ.e. ekki þurfi að þvera gras eða möl til að komast að staur.
- Göngu-, arma- og handskertir
    - Ef tröppur eru til staðar þá þarf að vera handlisti.
    - Hægt sé að sitja á bekk við stoppistöð.
- Blindir og sjónskertir
    - Tröppur og skábrautir, þar sem þær eru, séu merktar við upphaf og enda með litum eða áferð og tröppunef séu sérlega áberandi
    - Stefnubreytingar séu skýrar.
- Þroskahamlaðir
    - Strætóstoppið sé í líkingu við það sem á að venjast á öðrum stöðum.
    - Lita og efnisval gefi til kynna að hér sé strætóstoppistöð.
        - Sýnileiki „strætóhaus“ sé góður, sjá mynd 4.1
    - Skilti séu einföld og auðlæsileg. Ekki er breytt út frá eðlilegum skiltum.

Gert er ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar ferðist einir þ.e. að ekki sé ferðafélagi með sem ýtir hjólastól, lesi á skilti eða opni hurðir fyrir viðkomandi. Því skal hafa það í huga að fatlaðir geta nýtt sér fleiri stopp á landsbyggðinni ef ferðafélagi er með í för. **Einnig er rétt að hafa í huga að einstaka stoppistöðvar geti verið aðgengilegar fyrir suma enda er fötlun fólks mismikil. Þá er stöðin tekin út samkvæmt ítrustu skilyrðum hér að ofan.**



Mynd 4.1 Strætóhaus skal vera sýnilegur þegar komið er að biðstöð

## 4.2 Afurðir

Auk þessarar skýrslu var sett upp vefsjá þar sem hægt verður að sjá staðsetningu stoppistöðva sem teknar voru út, auk upplýsinga um ástand aðkomu og yfirborðs, samkvæmt úttektar stöðlum Reykjavíkurborgar. Þar að auki er hægt að sjá hvaða fötlunarhópi stoppistöðin hentar. Vefsjáin getur nýst einstaklingum með fötlun sem huga að ferðalagi með Strætó um Ísland og einnig geta viðkomandi sveitarfélög nýtt vefsjána í ákvarðanatöku um endurbætur á stoppistöðvum innan sveitarfélagsins. Hægt að er sjá aðgengis möguleika með því að ýta á stoppistöðvar, þá opnast gluggi líkt og má sjá á hægri hlið á mynd 4.2. Neðst í glugganum er síðan hægt að fara inn á ja.is og sjá biðstöðvar.

Vefsjána má finna á https://obi-bidstodvar.netlify.app/#

Vefsjáin hefur verið afhent Strætó bs. til afnota á heimasíðu.




Mynd 4.2 Mynd úr vefsjá. Hér má sjá stoppistöðina í Höfn í Hornarfirði

Sömu niðurstöður sem eru kynntar í vefsjá má lesa úr töflum 5.1 – 5.18. í töflunum er notast við merki fötlunarhópanna líkt og þeir voru kynntir í kafla 4.1. Þær stoppistöðvar sem uppfylla skilyrði fötlunarhópanna muni fá merki fötlunarhópsins við nafn stöðvarinnar, ef ekkert merki er við stöðina uppfyllir sú stöð ekki kröfur nokkurs fötlunarhóps.

# 5 Ástandsmat stoppistöðva

Metið var ástand stoppistöðva á öllum leiðum á landsbyggðinni, samanber mynd 3.1. Verður leið raðað hér eftir hækkandi númeraröð. Niðurstöður ástandsmats má finna í eftirfarandi köflum 5.1 – 5.18

## 5.1 Leið 51: Reykjavík-Höfn í Hornafirði

Leið 51 keyrir frá Mjóddinni í Reykjavík til Hafnar í Hornafirði og er ferðatími tæplega 7 klukkustundir. Heildarfjöldi stoppistöðva á leiðinni er 21. Innan stærri þéttbýlisstaða (Reykjavík og Selfoss) er notast við sitthvora stoppistöðina eftir því í hvora áttina er haldið. Utan þessara þéttbýlisstaða er notast við sama stopp til og frá Reykjavík. Tafla 5.1 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 51.

**Tafla 5.1: Niðurstöður úttektar fyrir leið 51**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfn | |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Jökulsárlón*/** | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Allt svæðið er malarplan, ekkert strætómerki að finna. |
| Freysnes | |  | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Skaftafell | |  |  |  | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Kirkjubæjarklaustur | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Vík í Mýrdal** | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Ekkert strætómerki að finna. |
| Skógar | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Hægt er að komast að veitinga- og gististöðum án þess að þvera malarplön. |
| Hvolsvöllur | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Smávægilegar framkvæmdir standa yfir á úttektartíma. |
| Hella | | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – N1 | | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Vallaskóli | Til Rvk |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – FSU | | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selfoss – Sundhöll | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss - Ráðhús | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Hrísmýri – Til Rvk | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppið er á iðnaðarsvæði, við lóð Vegagerðarinnar. Engar gönguleiðir eru að biðsvæðinu. Biðsvæði er gras. Ekki mælt með fyrir ferðamenn að notast við þetta stæði, nema erindið sé á iðnaðarsvæðinu. |
| Fossnes – Til Hellu | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppið er á iðnaðarsvæði, við lóð rútufyrirtækis. Engar gönguleiðir eru að biðsvæðinu. Biðsvæði er bílastæði rútufyrirtækis. Ekki mælt með fyrir ferðamenn að notast við þetta stæði, nema erindið sé á iðnaðarsvæðinu. |
| Hveragerði | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Helluvað | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Ferjuvað | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Bjallavað | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Árvað | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Mjódd | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Fjöldi biðstöðva getur verið ruglingslegur. |

* Ekki mælt með að notast við þessa stoppistöð nema búið sé að mæla sér mót við einhvern sem sækir ferðalang. Hér er enga þjónustu að fá og mjög langt getur verið í næsta strætisvagn.
** Hér er ekki tímatafla né strætóhaus.

### 5.1.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 51



Mynd 5.1
Biðskýli í Hveragerði.



Mynd 5.2
Biðskýli við Ráðhús Selfoss, þegar ekið er í átt til Reykjavíkur.



Mynd 5.3
Biðaðstaða við Olís á Selfossi. Aðstaða þessi hentar ekki hjólastólanotendum vegna aðkomu að tímatöflustaur. Þjóðvegur 1 er í baksýn tímataflna



Mynd 5.4
Biðaðstaða við Vallaskóla á Selfossi, þegar ekið er í átt til Reykjavíkur. Slæmt aðgengi að tímatöflustaur, breidd gangstétta er 160 cm.




Mynd 5.5
Biðaðstaða við Selfoss – N1. Hér er biðpallur allur upp hækkaður og er hann án niðurtekta. Erfitt getur því reynst fyrir notendur hjólastóla að komst upp á pallinn.



Mynd 5.6
Biðaðstaða við Selfoss – Vallaskóla, þegar ekið er í átt til Hellu. Gangstétt þegar gengið er í átt að skóla endar í möl.



Mynd 5.7
Jökulsárlón. Engan strætóhaus er að finna á Jökulsárlóni. Starfsmenn skála við lónið nefna þennan stað „Bláa bekkinn“ sem kennileiti staðsetningar þar sem Strætó stöðvar.



Mynd 5.8
Skaftafell. Framkvæmdir standa yfir í Skaftafelli. Breytingar geta því átt sér stað. Tímatafla er undir skyggni á húsi, þó án Strætó hauss. Strætisvagnar komast ekki nær húsinu en grjótið sýnir.



Mynd 5.9
Sundlaug á Höfn í Hornafirði. Starfsfólk sundlaugarinnar er með upplýsingar um brottfarir Strætó og aðstoðar ef óskað er eftir því.

## 5.2 Leið 52: Reykjavík-Landeyjahöfn

Leið 52 keyrir frá Mjóddinni í Reykjavík til Landeyjahafnar og er ferðatími tæpar 2 klukkustundir. Heildarfjöldi stoppistöðva á leiðinni er 16. Innan stærri þéttbýlisstaða (Reykjavík og Selfoss) er notast við sitthvora stoppistöðina eftir því í hvora áttina er haldið. Utan þessara þéttbýlisstaða er notast við sama stopp til og frá Reykjavík. Tafla 5.2 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 52.

**Tafla 5.2: Niðurstöður úttektar fyrir leið 52**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyjahöfn | |  | | |  | | Mjög slæmt | Slæmt | 2022 | Gönguleið milli biðstöðvar og þjónustuhúsi Landeyjahafnar er með merktri gönguþverun þar sem einnig er niðurtekt. Engar blindra leiðilínur er á svæðinu.<br>Ekki var gerð úttekt á svæði innandyra, í aðstöðu Herjólfs. |
| Hvolsvöllur | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Smávægilegar framkvæmdir standa yfir á úttektartíma. |
| Hella | | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – N1 | | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Vallaskóli | Til Rvk |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – FSU | | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Sundhöll | Til Rvk |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss - Ráðhús | Til Rvk | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Hrísmýri – Til Rvk | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppið er á iðnaðarsvæði, við lóð Vegagerðarinnar. Engar gönguleiðir er að biðsvæðinu. Biðsvæði er gras. Ekki mælt með fyrir ferðamenn að notast við þetta stæði, nema erindið sé á iðnaðarsvæðinu. |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fossnes – Til Hellu | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppið er á iðnaðarsvæði, við lóð rútufyrirtækis. Engar gönguleiðir er að biðsvæðinu. Biðsvæði er bílastæði rútufyrirtækis. Ekki mælt með fyrir ferðamenn að notast við þetta stæði, nema erindið sé á iðnaðarsvæðinu. |
| Hveragerði – Sell | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Helluvað | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Ferjuvað | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Bjallavað | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Norðlinga-braut / Árvað | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Mjódd | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Fjöldi biðstöðva getur verið ruglingslegur |

* Ekki mælt með að notast við þessa stoppistöð nema búið sé að mæla sér mót við einhvern sem sækir ferðalang. Hér er enga þjónustu að fá og mjög langt getur verið í næsta strætisvagn.
** Hér er ekki tímatafla né strætóskilti.

## 5.2.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 52*

Sjá einnig myndir fyrir leið 51 í kafla 5.1.1.



Mynd 5.10 Landeyjahöfn. Biðsvæði



Mynd 5.11 Landeyjahöfn. Merkt gönguþverun að miðasölu Herjólfs.

## 5.3 Leið 55: Reykjavík-Keflavíkurflugvöllur

Leið 55 keyrir frá Keflavíkurflugvelli til Fjarðar eða BSÍ, eftir tíma dags. Heildarferð tekur um 75 mínútur. Vagninn stoppar á 20 eða 23 stöðum eftir því hvora áttina er haldið. Notast er við sama stopp í báðar áttir á Keflavíkurflugvelli, Miðstöð í Keflavík, Firði Hafnarfirði, Fríkirkjuvegi, Ráðhúsinu, Háskóla Íslands og á endastöðinni BSÍ. Tafla 5.3 sýnir niðurstöður úttektar á leið 55.

**Tafla 5.3: Niðurstöður úttektar fyrir leið 55.**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Keflavíkur-flugvöllur | | ● | | | ● | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Hringbraut / Melteigur | Til Rvk | ● | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Hringbraut /Norðurtún | Til Rvk | ● | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Hringbraut / Knattspyrnu völlur | Til Rvk | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Miðstöð | | ● | ● | ● | ● | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Njarðvíkur-torg | Til Rvk | ● | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Bogabraut | Til Rvk | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Keilir | Til Rvk | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Tjarnar-hverfi | Til Rvk | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grindavíkur-afleggjari | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Voga-afleggjari | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Vatnsleysustrandar-afleggjari* | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Hér stoppar vagninn ekki nema sérlega sé óskað eftir því. Hér er hvorki tímatafla né strætóskilti |
| Fjörður | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Ásgarð | | Vegna framkvæmda á Hafnarfjarðarvegi, þar sem vagninn stoppar var stoppistöð ekki tekin út. | | | | | | | | |
| Kringlan | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | | | Slæmt | Gott | 2021 | |
| Hlíðar | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Klambratún | Til Rvk | | | | | | Gott | Gott | 2021 | |
| | Til Kef | | | | | | Slæmt | Gott | 2021 | |
| BSÍ | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Fríkirkjuvegur | | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Ráðhús | | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Háskóli Íslands | | | | | | | Ásætt-anlegt | Slæmt | 2021 | |

* Hér er hvorki tímatafla né strætóhaus.

## 5.3.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 55*



Mynd 5.12
Yfirborð að biðstöð Strætó við Keflavíkurflugvöll.



Mynd 5.13
Gönguleið að Leifsstöð, frá biðskýli. Hér eru engar leiðilínur.



Mynd 5.14
Á biðstöð Hringbrautar/Melateigar á leið til Keflavíkurflugvallar þarf að þvera gras til að komast upp í Strætó.



Mynd 5.15
Lélegar niðurtektir eru á gönguþverunum í Keflavík. Myndin er tekin við Hringbraut / Norðurtún.



Mynd 5.16
Biðskýli við Hringbraut /Knattspyrnuvöllur. Hér eru 60 cm af grasi/möl sem þarf að þvera til að komast að tímatöflu og inn í biðskýli.




Mynd 5.17
Njarðvíkurtorg. Leið 55 stoppar hér heldur langt frá biðstöð, notandi þurfti að stíga niður á götu áður en hann gat stigið síðan upp í vagninn.




Mynd 5.18
Biðskýli við Njarðvíkurtorg, Reykjanesbæ, í átt að Keflavíkurflugvelli. Biðskýli sést á miðri mynd, engin gönguleið er að biðskýli nema yfir gras eða bílastæði.



Mynd 5.19
Endir gönguleiðar frá biðstöðvum við Keili, að Keili.



Mynd 5.20
Biðskýli við Grindarvíkurafleggjara, á leið til Reykjavíkur. Hér er hátt þrep (18cm) upp í biðskýlið sem stendur á þéttri möl. Hér er að finna hjólastanda.



Mynd 5.21
Stopp við Fjörð í Hafnarfirði, notað í báðar áttir. Hér eru tímatöflur á staur á steyptri undirstöðu en tímatöflunum er ekki hægt að snúa.

## 5.4 Leið 56: Akureyri - Egilsstaðir

Leið 56 keyrir frá Hofi á Akureyri til tjaldsvæðisins á Egilstöðum fjóra daga í viku. Heildarferð tekur 3 tíma og 20 mínútur. Vagninn stoppar á 11 stöðum á leið sinni, notast er við sama stopp hvort sem ekið er frá eða til Akureyrar í öllum tilfellum. Tafla 5.4 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 56.

**Tafla 5.4: Niðurstöður úttektar fyrir leið 56**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Egilsstaðir - Tjaldsvæðið | | | | ↑ | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Til að notast við tjaldsvæði Egilsstaða þarf að fara yfir bílaplan tjaldsvæðis sem er malarplan.<br>Erfitt getur reynst að fá upplýsingar á tímatöflu vegna staðsetningar. |
| Fellabær - Olís | | ■ | | ↑ | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að fá upplýsingar á tímatöflu vegna staðsetningar. |
| Skjöldólfsstaðir*/*** | | ■ | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Enga tímatöflu er að finna utandyra. |
| Vopnafjörður – Vegamót**/*** | ◎ | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Enga tímatöflu, né bekki, er að finna utandyra.<br>Enga þjónustu er að finna við þetta stop. |
| Jökulsá á Fjöllum** | | | | ↑ | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Engan bekk er að finna utandyra.<br>Enga þjónustu er að finna við þetta stop. |
| Mývatn - Reykjahlíð | | ■ | | ↑ | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að fá upplýsingar á tímatöflu vegna staðsetningar.<br>Hægt að notast við aðstöðu vegsjoppu. |
| Skútustaðir *** | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Enga tímatöflu, né bekki, er að finna utandyra.<br>Ekki augljóst hvar strætó stoppar |
| Laugar | ◎ | ■ | | ↑ | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Fosshóll - Goðafoss | | | | ↑ | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að fá upplýsingar á tímatöflu vegna staðsetningar.<br>Tímatöflustaur stendur á malarplani. Langt í næsta bekk. |
| Fnjóskárbrú**/*** | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Enga tímatöflu, né bekki, er að finna utandyra. |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | Ekki augljóst hvar strætó stoppar. |
| Hof Akureyri | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að komast að tímatöflustaur vegna hæðar |

* Hótel að Skjöldólfsstöðum var lokað á úttektartíma
** Ekki mælt með að notast við þessa stoppistöð nema búið sé að mæla sér mót við einhvern sem sækir ferðalang. Hér er enga þjónustu að fá og mjög langt getur verið í næsta strætisvagn
*** Hér er ekki tímatafla né strætóhaus.

Ekki er mælt með ferðum að vegamótum Vopnafjarðar, að Jökulsá á Fjöllum eða að Fnjóskárbrú nema tekið sé á móti ferðalöngum þar því enga þjónustu er að finna á þeim stoppistöðvum og langt getur verið í næsta strætisvagn.

### 5.4.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 56*




Mynd 5.22
Stoppistöð á tjaldsvæði Egilstaða. Hér er um 1,8 metrar frá malbiki að tímatöflu staur.



Mynd 5.23
Stoppistöð við Olís Egilstöðum, Hér er 1,7 metrar upp að tímatöflu. Tímataflan snýr í átt að grasi. Í baksýn má sjá strætóskýli sem er nýtt af SVAust.



Mynd 5.24
Stopp á Jökulsá á fjöllum, hér er enga þjónustu að fá í nágrenni stoppsins




Mynd 5.25
Mývatn í Reykjahlíð. Stopp notað í báðar áttir. 1,5 metrar eru frá malbiki að tímatöflustaur.



Mynd 5.26
Stopp við Laugar. Niðurtektir og skábrautir einfalda aðkomu að Dalakofanum, til að hægt sé að bíða innandyra. Starfsfólk hefur þekkingu um komu Strætó.



Mynd 5.27
Fosshóll - Goðafoss. Hér er stöðvað á malarplani. Tímatöflustaur er skakkur og heldur laus í jarðveginum. Fullbúið bílastæði fyrir rútur er nær Goðafossi, sjá mynd 5.28.



Mynd 5.28 Bílastæði fyrir rútur við Goðafoss.




Mynd 5.29 Hof á Akureyri. Góðir bekkir með armhvílu auk augljós Strætómerkis.

## 5.5 Leið 57: Akureyri-Reykjavík

Leið 57 keyrir frá Mjóddinni í Reykjavík gegnum Akranes og Borgarnes á leið sinni til Hofs á Akureyri. Ferðatími er tæplega 6 klukkustundir og 30 mínútur. Heildarfjöldi stoppistöðva á leiðinni til Borgarnes, gegnum Akranes, eru 21 og frá Borgarnesi til Akureyrar eru 10 stoppistöðvar. Innan stærri þéttbýlisstaða (Reykjavík og Akranes) er notast við sitthvora stoppistöðina eftir því í hvora áttina er haldið. Utan þessara þéttbýlisstaða er notast við sama stopp til og frá Reykjavík. Tafla 5.5 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 57.

**Tafla 5.5: Niðurstöður úttektar fyrir leið 57**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hof Akureyri | ● | ● | | ● | ● | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Varmahlíð* | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Ekki er strætóhaus né tímaáætlanir að finna á þessari stöð. Þar að auki á Strætisvagn sér ekki sérlegan stoppistað, heldur stoppar hann þar sem hentar best að hverjum tíma. |
| Sauðárkrókur - N1 | ● | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Blönduós | ● | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Víðigerði* | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Ekki er strætóhaus né tímaáætlanir að finna á þessari stöð. Þar að auki á Strætisvagn sér ekki sérlegan stoppistað. |
| Hvammstangavegur | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Staðarskáli* | | ● | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Ekki er strætóhaus né tímaáætlanir að finna á þessari stöð. Þar að auki á Strætisvagn sér ekki sérlegan stoppistað, heldur stoppar hann þar sem hentar best að hverjum tíma. |
| Bifröst | | ● | | ● | ● | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Baula | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Borgarnes | ● | ● | | ● | ● | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Melahverfi | | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Akratorg | ● | ● | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kirkjubraut / Stillholt | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Bæjar-skrifstofan | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Garðabraut | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Innnesvegur | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Bresaflöt | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Þjóðbraut | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Esjuskáli | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Vallargrund / Esjugrund | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Klébergs-skóli | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Esjurætur - Hiking Center | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Esjumelar | til Ak | | | | | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Leirvogstunga | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Vesturlands-vegur / Ásland | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Háholt | | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | Þessi biðstöð er með rauntímaupplýsingar um komutíma Strætó |
| Vesturlands-vegur / Úlfarsá | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Vesturlandsvegur / Hálsar | | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Vesturlandsvegur / Viðarhöfði | | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Ártún | Til Ak | | | | | | Mjög slæmt | Slæmt | 2021 | |
| | Til Rvk | | | | | | Slæmt | Slæmt | 2021 | |
| Umferðarmiðstöðin (BSÍ) | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

* Hér er hvorki tímatafla né strætóhaus

## 5.5.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 57*



Mynd 5.30
Varmahlíð. Samkvæmt starfsmönnum vegsjoppu stoppar Strætó annaðhvort líkt og sjá má hér, eða þar sem gámaflutningabíll er í bakgrunni. Ekki er niðurtekt við þessa gangbraut. Hvorki er strætóhaus, né tímatafla á svæðinu.



Mynd 5.31
Stopp á Blönduósi. Hér er tímatöflustaur uppi á kanti, 95 cm frá malbiki. Þjóðvegur 1 liggur hinu megin við kantinn þar sem staurinn er staðsettur.




Mynd 5.32
Biðaðstaða við Hvammstangaveg. 140 cm eru frá tímatöflustaur inn á malbikið. Borð og stólar er að finna þegar gengið er þvert yfir bílaplan.




Mynd 5.33
Biðaðstaða við Bifröst. Bekk má sjá upp við húsið. Um 1 m er í tímatöflustaur frá stétt. Aðstaða til að læsa hjólum er við húsið.



Mynd 5.34
Borgarnes. Hér má sjá bílastæði fatlaðra, möguleika á að læsa hjólum, góða lýsingu og augljósan Strætóhaus með tímatöflum.



Mynd 5.35
Garðabraut í átt að Akureyri. Hér þarf að þvera 2m af grasi til að komast upp í og út úr vagninum. Þar að auki eru um 60 cm frá gangstétt að tímatöflustaur.



Mynd 5.36
Bresaflöt í átt að Reykjavík. Hér er gangstétt um 2,4 metrar. Biðskýli í sömu hæð og gangstéttin, tímatafla augljós og útsýni gott.



Mynd 5.37
Klébergsskóli í átt að Akureyri. Engar gangstéttir né þveranir eru að stoppi og tímatöflu fyrir leið 57 vantar. Um 2m af möl eru frá biðskýli að malbiki.



Mynd 5.38
Esjumelar í átt að Akureyri. Leiðarlínur fyrir blinda eru frá biðskýli að innstigi strætó, en ekki að biðskýli annarsstaðar frá. Um 50 cm af möl eru frá malbiki biðstöðvar að strætóskýli og tímatöflustaur.

## 5.6 Leið 58: Borgarnes – Stykkishólmur

Leið 58 keyrir frá Borgarnesi í Stykkishólm fjóra daga í viku. Heildarferð tekur um 1,5 klst. Vagninn stoppar á 5 stöðum á leið sinni, notast er við sama stopp hvort sem ekið er frá eða til Borgarness í öllum tilfellum. Tafla 5.6 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 56.

**Tafla 5.6: Niðurstöður úttektar fyrir leið 58**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stykkishólmur – Höfnin | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Fallhætta í sjó, gangstéttir þröngar. |
| Stykkishólmur - Olís | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Biðsvæði úti á grasbala. Engar gönguleiðir að tímatöflu. |
| Vatnaleið | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þetta stopp er eingöngu notað sem tenging milli Borgarness og Grundafjarðar. Hér er enga þjónustu að fá. |
| Vegamót | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Hér er biðstöð við hótel og veitingastað. |
| Borgarnes | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

### 5.6.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 58*



Mynd 5.39
Hellisandur. Biðsvæði á grassvæði, tímatafla snýr út að grasi, getur ekki verið snúið að götu. Þrep eru upp í vegsjoppu í bakgrunni.



Mynd 5.40
Ólafsfjörður. Biðsvæði er á miðeyju milli Orkunnar og þjóðvegar.



Mynd 5.41
Stykkishólmur Olís. Biðsvæði á grassvæði. Engar gönguleiðir að tímatöflu



Mynd 5.42
Stykkishólmur – Höfnin. Tímatafla er við hafnarbakkann. Fallhætta niður í grjót og sjó.

## 5.7 Leið 59: Borgarnes – Hólmavík

Leið 58 keyrir frá Borgarnesi til Hólmavíkur þrjá daga í viku. Heildarferð tekur um 2 klst og 10 mínútur. Vagninn stoppar á 7 stöðum á leið sinni, notast er við sama stopp hvort sem ekið er frá eða til Borgarness í öllum tilfellum. Tafla 5.7 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 56.

**Tafla 5.7: Niðurstöður úttektar fyrir leið 59**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hólmavík – Kaupfélag | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Biðstöð staðsett innst í bílastæði fyrir hreyfihamlaða. |
| Króksfjarðarnes | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Yfirborð þétt möl, Langt frá tímatöflustaur að inngangi verslunar |
| Skriðulang | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Yfirborð þétt möl, nokkur þrep upp í veitingastað. |
| Búðardalur | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Bekkur með baki og armhvílu er við tímatöflustaur. Vagn stoppar ekki við tímatöflustaur |
| Bifröst | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Baula | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Borgarnes |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

## 5.7.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 59*




Mynd 5.43
Hólmavík. Tímatafla staðsett innst í bílastæði fatlaðra



Mynd 5.44
Búðardalur. Sígrettustampur í gönguleið að biðsvæði.

## 5.8 Leið 63: Varmalandsskóli - Borgarnes

Leið 63 keyrir á vetraráætlun frá Varmalandsskóla í Borgarnes alla virka daga. Heildarferð tekur um 30 mínútur. Vagninn ekur aðeins að Borgarnesi. Tafla 5.8 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 63.

**Tafla 5.8: Niðurstöður úttektar fyrir leið 63**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Varmalandsskóli | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Baula | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Borgarnes |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

### 5.8.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 63*



Mynd 5.45 Varmalandsskóli. Biðsvæði, engar niðurektir af gangstétt. 60 cm milli stéttar og tímatöflustaurs.

## 5.9 Leið 64: Kleppjárnsreykir - Borgarnes

Leið 64 keyrir á vetraráætlun frá Kleppjárnsreykjum í Borgarnes alla virka daga. Heildarferð tekur um 35 mínútur. Vagninn ekur aðeins að Borgarnesi. Tafla 5.9 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 64.

**Tafla 5.9: Niðurstöður úttektar fyrir leið 64**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kleppjárnsreykir | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf gras/möl til að komast að tímatöflustaur |
| Hvanneyri | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf gras/möl til að komast að tímatöflustaur |
| Borgarnes |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

### 5.9.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 64*



Mynd 5.46
Kleppjárnsreykir. Tímatafla staðsett innan grassvæðis.



Mynd 5.47
Hvanneyri. Tímatafla staðsett á grassvæði.

## 5.10 Leið 71: Þorlákshöfn - Hveragerði

Leið 71 keyrir frá Hveragerði til Þorlákshafnar alla virka daga. Heildarferð tekur um 20 mínútur. Vagninn stoppar einungis á endastöðvum. Tafla 5.10 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 71.

### Tafla 5.10: Niðurstöður úttektar fyrir leið 71

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hveragerði | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Þorlákshöfn | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |

### *5.10.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 71*



Mynd 5.48 Þorlákshöfn. Biðsvæði á 150 cm gangstétt milli vegar og bílastæðis verslunarkjarna.

## 5.11 Leið 72 og leið 73 : Hringur frá Selfossi um Grímsnes

Leið 72 keyrir hring frá Selfossi, um Grímsnes og til baka á Selfoss alla virka daga. Heildarferð tekur um 1 klst og 40 mínútur. Vagninn stoppar á 17 stöðum á leið sinni, aðeins er ekið í eina átt.

Leið 73 keyrir hring frá Selfossi, um Grímsnes og til baka á Selfoss alla virka daga. Heildarferð tekur um 2 klst. Vagninn stoppar á 20 stöðum á leið sinni, aðeins er ekið í eina átt.

Tafla 5.11 inniheldur niðurstöður úttektar á leiðum 72 og 73. En leiðir 72 og 73 aka sitthvorn hringinn út frá Selfossi. Hringurinn er sá sami, að því undanskildu að 73 ekur einnig á Laugarvatn.

**Tafla 5.11: Niðurstöður úttektar fyrir leið 73**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selfoss – N1 | | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Vallaskóli | Til Rvk |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – FSU | | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Sundhöll | Til Rvk |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu |  | | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Brautarholt | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppað er við gistiheimili, stoppið er stutt frá þjóðvegi. |
| Skeiða- og Þjórsárdalsvegur | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Enga þjónustu að fá hér. Engin skilti, engin tímatafla. |
| Flúðir | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Engin skilti, engin tímatafla.<br>Í sveitarfélaginu er umtalsvert af doppuhellum, og niðurtektum við gangbrautir. |
| Reykholt | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Laugarás. Bláskógabyggð | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Hér er stöðvað í útjarði sveitarinnar. Stöðvað er á óþjappaðri rauðamöl |
| Þóroddsstaðir - Leið 73 | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Enga þjónustu að fá hér. Engin skilti, engin tímatafla. |
| Laugarvatn - Leið 73 | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |

| Stoppistöð | Átt | | | | | | | | Ár | Athugasemd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þóroddsstaðir - Leið 73 | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Enga þjónustu að fá hér. Engin skilti, engin tímatafla. |
| Borg í Grímsnesi | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stöðvað á bílaplani vegsjoppu. Tímatöflustaur í halla. Og vantar tímatöflu fyrir leið 73. |
| Þrastarlundur | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Ekki hægt að segja til um hvar strætó stöðvar, þar sem ekkert skilti né tímatöflu er að sjá utandyra. Úttekt var gerð á lokunartíma Þrastarlundar, er því ekki hægt að segja til um hvort tímatafla sé innanhús í Þrastarlundi. |
| Hrísmýri – Leið 72 | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppið er á iðnaðarsvæði, við lóð Vegagerðarinnar. Engar gönguleiðir er að biðsvæðinu. Biðsvæði er gras. Ekki mælt með fyrir ferðamenn að notast við þetta stæði, nema erindið sé á iðnaðarsvæðinu. |
| Fossnes – Leið 73 | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Stoppið er á iðnaðarsvæði, við lóð rútufyrirtækis. Engar gönguleiðir er að biðsvæðinu. Biðsvæði er bílastæði rútufyrirtækis. Ekki mælt með fyrir ferðamenn að notast við þetta stæði, nema erindið sé á iðnaðarsvæðinu. |
| Selfoss - Ráðhús | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Sundhöll | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – FSU | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – Vallaskóli | Til Rvk | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Hellu | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Selfoss – N1 | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

### 5.11.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 72 – 73




Mynd 5.49 Borg í Grímsnesi. Hér má sjá skakkan staur á malarundirlagi. Tímatöflu fyrir leið 73 vantar.




Mynd 5.50 Laugarvatn



Mynd 5.51 Laugarás



Mynd 5.52 Flúðir. Mikið um doppuhellur fyrir blinda.

## 5.12 Leið 78: Akureyri – Siglufjörður

Leið 78 keyrir frá Akureyri til Siglufjarðar 6 daga í viku. Heildarferð tekur um 1 klst og 15 mínútur. Vagninn stoppar á 8 stöðum á leið sinni. Tafla 5.12 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 78.

**Tafla 5.12: Niðurstöður úttektar fyrir leið 78**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hof Akureyri | |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að komast að tímatöflustaur vegna hæðar. |
| Hjalteyri – vegamót | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Hér er enga þjónustu að fá, ekki er tímatöflustaur á svæðinu. |
| Litli Árskógssandur – vegamót | | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Hér er enga þjónustu að fá, ekki er tímatöflustaur á svæðinu. |
| Dalvík | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Ólafsfjörður – Múlavegur | Frá Ak | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Engar gönguleiðir að stoppi. Tímatafla er um 70cm frá malbiki. |
| | Til Ak | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Engar gönguleiðir að stoppi. Tímatafla er um 70cm frá malbiki. |
| Ólafsfjörður - Aðalgata | Frá Ak | |  | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Tímatöflustaur liggur í grasi, bak við biðskýli. |
| | Til Ak | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf um 110 cm af grasi til að komast að vagni. |
| Siglufjörður – Snorragata suður | Frá Ak | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| | Til Ak | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Siglufjörður – Olís | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |

### *5.12.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 78*



Mynd 5.53 Siglufjörður – Olís. Biðsvæði á bensínstöðvarplani.




Mynd 5.54 Dalvík. Biðsvæði staðsett utarlega í bænum



Mynd 5.55 Ónotuð biðstöð við Ársskógasand.



Mynd 5.56 Ólafsfjörður – Múlavegur. Tímatafla staðsett á þennan hátt í báðar áttir við Múlaveg.

## 5.13 Leið 79: Akureyri - Húsavík

Leið 79 keyrir frá Hofi á Akureyri til Húsavíkur sex daga í viku. Heildarferð tekur 1 tíma og 20 mínútur. Vagninn stoppar á 10 stöðum á leið sinni, notast er við sama stopp hvort sem ekið er frá eða til Akureyrar í öllum tilfellum. Tafla 5.13 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 79.

**Tafla 5.13: Niðurstöður úttektar fyrir leið 79**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hof Akureyri |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að komast að tímatöflustaur vegna hæðar. |
| Fnjóskárbrú*/** | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Enga tímatöflu, né bekki, er að finna utandyra.<br>Ekki augljóst hvar strætó stoppar. |
| Fosshóll - Goðafoss | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | Erfitt getur reynst að fá upplýsingar á tímatöflu vegna staðsetningar.<br>Tímatöflustaur stendur á malarplani. Langt í næsta bekk. |
| Laugar - Einarstaðaskáli ** | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Ekki er um sama stopp og á leið milli Akureyrar og Egilsstaða. |
| Aðaldalsvegur** | | | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Enga tímatöflu, né bekki, er að finna utandyra.<br>Ekki augljóst hvar strætó stoppar. |
| Húsavík | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Hægt er að komast í hjólastól í verslun N1 við biðstöð. |

* Ekki mælt með að notast við þessa stoppistöð nema búið sé að mæla sér mót við einhvern sem sækir ferðalang. Hér er enga þjónustu að fá og mjög langt getur verið í næsta strætisvagn
** Hér er ekki tímatafla né strætóhaus.

### 5.13.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 79



Mynd 5.57 Húsavík. Tímatafla staðsett dágóðan spöl frá verslun staðarins.

Sjá einnig fyrir leiðir kafla 5.4.1 fyrir leið 56 Akureyri – Egilsstaðir.

## 5.14 Leið 81: Borgarnes – Reykholt

Leið 81 keyrir í hring frá Borgarnesi um Reykholt, aftur í Borgarnes. Heildarferð tekur 1 tíma og 20 mínútur. Vagninn stoppar á 7 stöðum á leið sinni. Tafla 5.14 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 81

**Tafla 5.14: Niðurstöður úttektar fyrir leið 81**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íþróttamiðstöðin | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Borgarnes |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Hvanneyri | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf gras/möl til að komast að tímatöflustaur. |
| Kleppjárnsreykir | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf gras/möl til að komast að tímatöflustaur. |
| Reykholt | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf gras/möl til að komast að tímatöflustaur. |
| Baula | |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Borgarnes |  |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

* Ekki mælt með að notast við þessa stoppistöð nema búið sé að mæla sér mót við einhvern sem sækir ferðalang. Hér er enga þjónustu að fá og mjög langt getur verið í næsta strætisvagn
** Hér er ekki tímatafla né strætóhaus.

### *5.14.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 81*

Sjá einnig í kafla 5.5.1 fyrir leið 57 - Akureyri – Reykjavík



Mynd 5.58
Kleppjárnsreykir. Tímatafla staðsett innan grassvæðis.



Mynd 5.59
Hvanneyri. Tímatafla staðsett á grassvæði.

## 5.15 Leið 82: Hellisandur – Stykkishólmur

Leið 82 keyrir frá Hellissandi á Stykkishólm fjóra daga í viku. Heildarferð tekur um 1 klst og 15 mín. Vagninn stoppar á 6 stöðum á leið sinni, notast er við sama stopp hvort sem ekið er frá eða til Hellisandi í öllum tilfellum. Tafla 5.15 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 82.

**Tafla 5.15: Niðurstöður úttektar fyrir leið 82**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stykkishólmur - Olís | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Biðsvæði úti á grasbala. Engar gönguleiðir að tímatöflu. |
| Vatnaleið | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þetta stopp er eingöngu notað sem tenging milli Borgarness og Grundarfjarðar. Hér er enga þjónustu að fá. |
| Grundarfjörður | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Ólafsvík | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Tímatöflustaur þarfnast smávægilegra viðgerða. |
| Rif | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Hellissandur | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Há þrep upp í vegsjoppu. |

## *5.15.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 82*




Mynd 5.60
Biðsvæði á Hellisandi



Mynd 5.61 Biðsvæði á Rifi



Mynd 5.62 Biðsvæði í Ólafsvík



Mynd 5.63 Biðsvæði á Vatnaleið

## 5.16 Leið 84: Skagaströnd – Blönduós

Leið 84 keyrir á pöntunarþjónustu frá Blönduósi til Skagastrandar alla daga. Heildarferð tekur um 30 mínútur. Vagninn stöðvar aðeins á endastöðum. Tafla 5.9 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 84.

**Tafla 5.16: Niðurstöður úttektar fyrir leið 84**

| Stoppistöðvar | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skagaströnd | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Blönduós |  |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |

### 5.16.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 84*



Mynd 5.64 Skagaströnd: Gönguþverun að tímatöflu án niðurtekta, ganga þarf yfir gras frá gangstétt.



Mynd 5.65 Skagaströnd. Tímatafla er staðsett utarlega á bílaplani Olís.

## 5.17 Leið 88: Grindavík – Reykjanesbær

Leið 88 keyrir frá Grindavík til Reykjanesbæjar alla virka daga, um helgar er einungis ekið milli Grindavíkur og Grindavíkurafleggjara. Heildarferð tekur um 25 mín. Vagninn stoppar á 4-6 stöðum eftir því í hvora átt er ekið. Tafla 5.17 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 88.

**Tafla 5.17: Niðurstöður úttektar fyrir leið 88**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lögreglustöðin Grindavík | | | | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Grindavík - Aðalbraut | |  |  | |  | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Grindavíkur-afleggjari | Til Grindavíkur | |  | |  |  | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Kef | |  | | | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Miðstöð | |  |  |  |  | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | |  | | |  | | Slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |

### 5.17.1 *Lýsandi ljósmyndir á leið 88*



Mynd 5.66 Lögreglustöðin í Grindavík.



Mynd 5.67 Fjölbrautarskóli Suðurnesja

## 5.18 Leið 89: Reykjanesbær - Sandgerði

Leið 89 keyrir frá Grindavík til Sandgerðis alla daga. Heildarferð tekur um 25 mín. Vagninn stoppar á 8 stöðum á leið sinni. Tafla 5.18 inniheldur niðurstöður úttektar á leið 89.

**Tafla 5.18: Niðurstöður úttektar fyrir leið 89**

| Stoppistöðvar | | Hjólastóla-notendur | Göngu- og hand-skertir | Blindir og sjón-skertir | Þroskahömlun | Hjóla aðstaða | Aðgengi | Yfirborð | Úttektarár | Athugasemdir úttektaraðila |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Miðstöð | | ● | ● | ● | ● | | Slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Fjölbrautarskóli Suðurnesja | | ● | | | ● | | slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Hringbraut /Norðurtún | Til Garðs | ● | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| | Til Miðstöð-var | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2021 | |
| Vellir | Til Garðs | ● | ● | | ● | | Slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| | Til Miðstöð-var | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Pósthúsið Garði | | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Þvera þarf möl til að komast inn í biðskýli, og að tímatöflustaur. |
| Garðvangur | Til Garðs | | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | Biðsvæði er meðfram vegi, með gras að undirlagi. Engar gönguleiðir að biðsvæði |
| | Til Miðstöðvar | ● | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Nýjaland | | ● | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |
| Íþróttarmiðstöðin Sandgerði | | ● | | | ● | | Mjög slæmt | Mjög slæmt | 2022 | |

### *5.18.1 Lýsandi ljósmyndir á leið 89*



Mynd 5.68 Pósthúsið Garði.



Mynd 5.69 Garðvangur til Garðs.

# 6 Samantekt á niðurstöðum ástandsmats

Sjá má að mikið þarf að bæta til að tryggja örugga aðkomu allra ferðamanna að strætóstoppum á landsbyggðinni. Á sumum stöðum er hægt að gera lámarksbreytingar til að uppfylla kröfur en á öðrum þurfa töluverðar breytingar að eiga sér stað til að taka á móti þessum hópi ferðamanna.

Byrjað er að skoða niðurstöður varðandi **Aðkomu og yfirborð** í samræmi við lista Reykjavíkur. Þá sést að af 168 stoppistöð þá eru 165 með slæmt eða mjög slæmt yfirborð og einungis þrjú með gott yfirborð. Þá eru 166 stoppistöðvar með slæmt eða mjög slæmt aðgengi, einungis ein með ásættanlegt aðgengi og sömuleiðis ein með gott aðgengi. Tafla 6.1 sýnir niðurstöður aðgengis og yfirborðs skv. úttektaraðferðum Reykjavíkurborgar.

Eru það helst eftirfarandi atriði sem draga niður stöðvarnar í *Aðgengis* hlutanum

- Ekki eru bekkir við tímatöflustaur
- Hæð upp að tímatöflu er meira en 1,4 metrar.
- Tímatöflustaurar eru illa staðsettir t.d. upp á eyju, þörf er á að fara yfir möl eða gras til að komast að þeim.
- Engar áherslulínur eða áherslufletir er að finna við strætóstoppistöðina

Fyrir *Yfirborðið* var það helst að

- Ekki eru áherslulínur eða áherslufletir að finna við stoppistöðina.
- Yfirborð var ekki alls staðar úr sama efni.
- Þvera þyrfti möl/gras til að komast að tímatöflustaur og/eða strætisvagni.

**Tafla 6.1 Aðgengi og yfirborð stoppistöðva**

| Einkunn | Aðgengi | Yfirborð |
|---|---|---|
| Mjög slæm | 143 | 144 |
| Slæm | 23 | 21 |
| Ásættanlegt | 1 | 0 |
| Gott | 1 | 3 |
| Mjög gott | 0 | 0 |
| *Samtals** | 168 | 168 |

*Ekki var tekin út stoppistöð við Ásgarð vegna framkvæmda, né Mjóddin vegna flókinnar aðkomu.

Fyrir flokkinn **Hjólastólanotendur** voru kröfurnar á þann veginn að undirlag þyrfti að vera steypt, hellulagt eða malbikað, jafnvel þótt smá sprungur væru byrjaðar að myndast. Ef brúa þarf hæðarmun, t.d. upp á gangstétt, þá skal hallinn vera lítill. Þar sem hurðir eru, skulu þær vera auðopnanlegar og nægilega breiðar til að hindra ekki aðkomu þeirra sem notast við hjólastól. Þar að auki þarf að vera möguleiki fyrir ferðamenn í hjólastól að geta komist að tímatöflustaur án vandræða. Miðað við þessar forsendur **eru 66 stoppistöðvar** nothæfar fyrir hjólastólanotendur.

Fyrir **Göngu-, arma- og handskerta** voru kröfurnar á þann veg að ekki séu tröppur án þess að handlistar séu að auki til staðar. Að auki var krafa um að hægt væri að setjast við stoppistöðina, til að mynda inn í vegasjoppum. Miðað við þessar forsendur þá **eru 67 stoppistöðvar hæfar** til að taka á móti göngu-, arma- og handskertum.

Til að **Blindir og sjónskertir** geti ferðast á eigin vegum þurfa tröppur og skábrautir að vera merktar við upphaf og enda, bæði með litum og áferð. Þá þurfa tröppunef að vera

sérlega áberandi og stefnubreytingar að vera skýrar, annaðhvort með leiðarlínum eða gróðri. **Þessar kröfur eru uppfylltar á 7 stoppistöðvum** sem teknar voru út.

Samkvæmt þeim kröfum sem settar voru geta **Þroskahamlaðir** notast við **139 af þeim stöðvum** sem teknar voru út. Kröfurnar voru að stoppistöðin sé í líkingu við það sem á að venjast á öðrum stöðum, þ.e. strætóhausinn sé góður og sýnilegur auk þess að ekki sé breytt út frá hefðbundnum skiltum. Flestar stöðvar eru því sýnilegar og augljóslega staðsettar þegar komið er að þeim.

Hægt er að **læsa reiðhjólum á 24 stoppistöðvum** á leiðum á landsbyggðinni.

# 7 Niðurstöður

Greining leiddi í ljós að af 168 stoppistöðvum voru 165 – 166 sem voru með *slæmt* eða *mjög slæmt* aðgengi og/eða yfirborð. Stoppistöðvarnar eru því almennt nokkurn spöl frá því að uppfylla kröfur ríkistjórnarinnar um að 90% stoppistöðva uppfylli hönnunar- og öryggiskröfur.

Við greininguna var það áberandi hversu margar stoppistöðvar á landsbyggðinni eru staðsettar á bílaplani bensínstöðvar/vegsjoppu. Þó er á flestum þeirra hægt að hinkra inni í vegsjoppu og einungis á örfáum stöðum getur reynst langt/erfitt/ómögulegt að komast inn í vegsjoppu í hjólastól.

Auk þessa var tímatöflustaur iðulega illa staðsettur fyrir einstaklinga í hjólastólum, þ.e. þeir annaðhvort staðsettir á eyju milli bílaplans bensínstöðvar og þjóðvegar og þar með þörf að komast upp á eyjuna til að skoða tímatöflur eða þvera þurfti möl/ gras til að komast að tímatöflustaur. Víða var of hátt upp í tímatöflurnar, ef þær voru á annað borð til staðar. Enn fremur eru tímatöflur ekki allstaðar uppfærðar árlega og á a.m.k. einum stað er rangt stopp á tímatöflu - samanber að tímataflan fyrir Vík í Mýrdal á leið 51 er staðsett á Hvolsvelli (ekki er tímatafla í Vík í Mýrdal).

Í þeim vegsjoppum þar sem úttektaraðili spurðist fyrir um tímaáætlun Strætó, var starfsfólk iðulega tilbúið með upplýsingar og veitti góðfúslega aðstoð.

Aðferðafræðin reyndist hafa sína kosti og galla.  Helsti kosturinn er að samræmd einkunn er gefin fyrir allar stöðvar.  Gallar í einkunnaskalanum eru þó helst þeir að ekki er þörf fyrir sömu hluti á landsbyggðinni og þörf er á í bæjarfélögum. Til dæmis þegar strætó stöðvar á landsbyggðinni þá er til staðar hjólastólalyfta sem getur lyft hjólastólanotendum frá götunni og því ekki þörf fyrir jafn háan kant og úttektaraðferðir Reykjavíkurborgar gera ráð fyrir. Þá eru iðulega ekki leiðilínur fyrir blinda og sjónskerta í minni bæjum, sem og á landsbyggðinni, og því ómögulegt fyrir þær stoppistöðvar að fá góða einkunn fyrir yfirborðið, jafnvel þó aðrir þættir séu góðir.

# 8 Heimildir

Auður, E. B. (2005). *Aðgengi fatlaðra að níu náttúruverndarsvæðum.* Lanbúnaðarháskóli Íslands.

Birna, H., & Harpa, C. I. (2016). *Aðgengi fólks með fötlun að almenningssamgöngum á landi; staða mála og mögulegar úrbætur.* Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar .

Bjarni, R. I., & Atli, F. Þ. (Nóvember 2020). Sótt frá Strætóstoppistöðvar í Reykjavík: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/20201111_straetostodvar_adgengi_fyrir_alla_0.pdf

Dómsmálaráðuneytið. (án dags.). Sótt 4. Júní 2021 frá Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks: https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/rettindi-fatlads-folks/

Ferðamálastofa. (Maí 2007). Sótt 25. Maí 2021 frá Ferðaþjónusta fyrir alla: https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/ferdatjon_fyrir-_alla.pdf

Ferðamálastofa. (9. Maí 2021). *RÚMUM 1,5 MILLJARÐI VEITT TIL INNVIÐA OG NÁTTÚRUVERNDAR Á FERÐAMANNASTÖÐUM*. Sótt 2021. maí 2021 frá https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/category/1/rumum-15-milljardi-veitt-til-innvida-og-natturuverndar-a-ferdamannastodum

God Adgang. (án dags.). *Tilgængelighed for alle - hvem er alle?* Sótt 25. Maí 2021 frá https://godadgang.dk/om-handicap/tilgaengelighed-for-alle-133#1

Hagstofan. (2021). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2021*. Sótt 25. Maí 2021 frá https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00000.px/?rxid=612f85df-b154-4e74-88aa-c462ece8230b

Ragnar, B. (2013). *Aðgengi fatlaðra að tíu náttúruverndarsvæðum.* Landbúnaðarháskóli Íslands.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (Október 2019). Sótt 25. Maí 2021 frá Ferðumst saman - Stöðumat og valkostir: https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8ae99427-f0b3-11e9-944e-005056bc530c

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (Október 2019). Sótt 25. Maí 2021 frá Ferðumst saman - Heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða: https://www.althingi.is/altext/pdf/150/fylgiskjol/s0599-f_I.pdf

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, & Félagsmálaráðuneytið. (7. Maí 2021). *Stórátaki um úrbætur í aðgengismálum fyrir fatlað fólk ýtt úr vör*. Sótt 25. Maí 2021 frá Stórátaki um úrbætur í aðgengismálum fyrir fatlað fólk ýtt úr vör: https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/05/07/Storataki-um-urbaetur-i-adgengismalum-fyrir-fatlad-folk-ytt-ur-vor/?fbclid=IwAR2roZ-mK_vDT6uPgLD2uBrcp7z5DoUcOTyEGIwzLSkFFy7cBbq049gXjI4

Strætó bs. (án dags.). *Leiðakort*. Sótt 25. Maí 2021 frá https://www.straeto.is/is/upplysingar/leidakort

Vegagerðin. (2. Mars 2021). *Hjólastólaaðgengi á fjórum leiðum á landsbyggðinni*. Sótt 25. Maí 2021 frá https://www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/frettir/hjolastolaadgengi-a-fjorum-leidum-a-landsbyggdinni

Vegagerðin, & Reykjavíkurborg. (2019). Sótt 25. Maí 2021 frá Hönnun fyrir alla - Algild hönnun utandyra: https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20(ID%20103788).pdf

Þorsteinn, R. H. (Ágúst 2020). Sótt frá Umsögn: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/13b_bidskyli_straeto-_svar.pdf

ÖBÍ réttindasamtök. (án dags.). *Aðildarfélög ÖBÍ*. Sótt frá https://www.obi.is/um-obi/adildarfelog/